- 61 **Djúpvegur:**
Flugvöllur — Vestfjarðavegur.

- 1 **Norðurlandsvegur:**
Hólmavíkurvegur — Skagastrandarvegur, Skagafjarðarvegur — Siglufjarðarvegur, Laugaland á Þelamörk — Grenivíkurvegur.
- 72 **Hvammstangavegur.**
- 75 **Sauðárkróksbraut:**
Norðurlandsvegur — Sauðárkrókur.
- 82 **Ólafsfjarðarvegur:**
Norðurlandsvegur — Hjalteyrarvegur.
- 821 **Eyjafjarðarbraut vestri:**
Norðurlandsvegur — nyrðri vegamót Kristnesvegur.
- 85 **Norðausturvegur:**
Mývatnsvegur — Húsavík.
- 1 **Austurlandsvegur:**
Upphéraðsvegur — Norðfjarðarvegur.
- 92 **Norðfjarðarvegur:**
Austurlandsvegur — Seyðisfjarðarvegur.
- 99 **Hafnarvegur.**

3.2.2. Þjóðbrautir.

- 1 **Suðurlandsvegur:**
Sýslumörk Skeiðarársandi — Akureyjarvegur.
- 30 **Skeiðavegur.**
- 31 **Skálholtsvegur.**
- 35 **Biskupstungnabraut:**
Minni-Borg — Skálholtsvegur.
- 36 **Þingvallavegur:**
Biskupstungnabraut — vegamót við Stardal.
- 45 **Garðskagavegur:**
Garður — Sandgerði.
- 1 **Vesturlandsvegur:**
Vestfjarðavegur — Hólmavíkurvegur.
- 53 **Hvítárvallavegur.**
- 54 **Ólafsvíkurvegur:**
Vesturlandsvegur — Ólafsvík.
- 55 **Heydalsvegur.**
- 56 **Stykkishólmsvegur:**
Snæfellsnessvegur — Stykkishólmur.
- 57 **Snæfellsnessvegur.**
- 574 **Útnesvegur:**
Hellissandur — Ólafsvík.

- 60 **Vestfjarðavegur:**
Vesturlandsvegur — Djúpvegur við Ísafjörð og Hnífsdalur — Bolungarvík.
- 62 **Barðastrandarvegur.**
- 68 **Hólmavíkurvegur.**
- 1 **Norðurlandsvegur:**
Skagastrandarvegur — Skagafjarðarvegur, Siglufjarðarvegur — Laugaland á Þelamörk, Grenivíkurvegur — sýslumörk á Biskupshálsi.
- 75 **Sauðárkróksbraut:**
Sauðárkrókur — Siglufjarðarvegur.
- 76 **Siglufjarðarvegur.**
- 82 **Ólafsfjarðarvegur:**
Hjalteyrarvegur — Siglufjarðarvegur.
- 85 **Norðausturvegur:**
Norðurlandsvegur — Mývatnsvegur og Húsavík — Austurlandsvegur.
- 845 **Aðaldalsvegur.**
- 1 **Austurlandsvegur:**
Sýslumörk á Biskupshálsi — Upphéraðsvegur og Norðfjarðarvegur — sýslumörk á Skeiðarársandi.
- 92 **Norðfjarðarvegur:**
Seyðisfjarðarvegur — Neskaupstaður.
- 96 **Suðurfjarðavegur.**

3.2.3. Aðrir þjóðvegir eru landsbrautir.

3.3. AÐALFJALLVEGIR.

3.3.1. Kaldadalssvegur (40 km):

Af Uxahryggjavegi (52) í Brunnum um Kaldadal á Hálsasveitarveg (518) hjá Húsafelli.

3.3.2. Kjalvegur (165 km):

Af Biskupstungnabraut (35) hjá Gullfossi um Hvítanes, Hveravelli á Kjalveg (732) hjá Eiðsstöðum í Blöndudal.

3.3.3. Fjallabaksvegur nyrðri (80 km):

Af Þjórsárdalsvegi (32) við Sigöldu yfir Jökulgilskvísl hjá Landmannalaugum, Eldgjá og Skaftártungu á Búlandsveg (208) hjá Búlandi.

3.3.4. Sprengisandsleið (536 km):

Af Þjórsárdalsvegi við Sigölduvirkjun vestan Þórisvatns um Þveröldu, Tómasarhaga hjá Fjórðungsvatni um Hólafjall á Sölvadalssveg (827) hjá Þormóðsstöðum í Eyjafirði (189 km).

Álma norðan Fjórðungsvatns um Laugarfell yfir brú á Jökulsá eystri á Austari-Bug á Skagafjarðarveg (752) hjá Giljum (75 km).

Álma norðan Fjórðungsvatns um Kiðagilsdrög á Bárðardalsveg vestri (842) hjá Mýri í Bárðardal (76 km).

Álma úr Tómasarhaga um Urðarháls yfir Jökulsá hjá Upptýppingum austan í Prihyrningsfjallgarði á Jökuldalsveg (923) hjá Brú á Jökuldal (196 km).

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. UM FJÁRÖFLUN TIL VEGAMÁLA 1976—1979

1.0.0. Inngangur.

Tekjuáætlun þessi er endurskoðun á tekjuáætlun vegáætlunar 1974—1977, sem lögð var fyrir Alþingi vorið 1975, og byggir að mestu leyti á sömu forsendum.

Hér er þó gert ráð fyrir nokkru lægri tekjum, sem stafar aðallega af minnkandi eldsneytiseyðslu bensínbifreiða. Á árinu 1974 og næstu árum þar á undan var meðaleyðsla um 1750 lítrar á bíl en féll niður í um 1600 lítra á árinu 1975 eða um rúm 9%.

Þá tóku gildi á árinu 1975 breytingar á reglugerð um innheimtu þungaskatts. Aðalbreytingin fólst í því, að innheimta km-gjalds er nú miðað við heildarþyngd í stað eigin þyngdar og innheimt af bifreiðum yfir 4 tonna heildarþunga (ca. 2 tonna eigin þyngd). Einnig var tekin upp innheimta km-gjalds af festi- og tengivögnum.

Í byrjun mars 1976 var síðan gefin út ný reglugerð um þungaskatt, þar sem eigendum dieselbifreiða undir 4 tonna heildarþunga er heimilað að velja um, hvort þeir greiði fast árgjald, sem nú er 70 þús. kr. á ári, eða ákveðið gjald á km, nú kr. 2.80. Þessi nýbreytni eykur mjög á óvissu á spá um tekjur af þungaskatti, auk þess sem hún hlýtur að lágmarka tekjur vegasjóðs af þungaskatti.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að gjaldstofnar hækki nú 1. maí samkvæmt nýfenginni heimild um að hækka megi gjaldstofna markaðra tekna vegasjóðs sky. breytingu á vísitölu byggingarkostnaðar, og er sú heimild nú notuð í fyrsta sinn.

Í töflunni hér að neðan eru sýndar heildartekjur vegasjóðs árin 1976—1979.

Tafla 1. Heildartekjur vegasjóðs:

(Fjárhæðir í m.kr.)

	1976	1977	1978	1979
Bensíngjald	1 873	2 042	2 158	2 288
Þungask. árgj.	140	173	185	196
— km.gj.	423	548	579	611
Gúmmígjald	77	92	105	110
Tekjur brúttó	2 513	2 855	3 027	3 205
Endurgr. bensíngj.	28	30	30	30
— þungask.	1	1	1	1
Tekjur nettó	2 484	2 824	2 996	3 174

1.0.1. Bifreiðafjöldi.

Í lok árs 1974 voru alls 71 364 bifreiðar á landinu. Bensínbilar voru 63 857 og dieselbilar 7 507. Heildaraukning frá árinu áður var 8 175 bifreiðar eða 12.9%. Alls voru fluttar inn á árinu 1974 rúmlega 12 þús. bifreiðar notaðar og nýjar, en aðeins 3 794 bifreiðar árið eftir. Miðað við bifreiðaeign þyrfti að flytja inn a.m.k. 8 þús. bifreiðar árlega til að standa undir eðlilegri endurnýjun.

Vegna minnkandi kaupgetu almennings og stórhækkaðra innflutningsgjalda á bifreiðar, er reiknað með að næstu árin verði innflutningur áfram talsvert undir meðallagi, en þó vaxandi.

Áætlað er að 1978 verði fólksbifreiðafjöldi orðinn sá sami pr. 1000 íbúa og áætlað var í langtímaspá Framkvæmdastofnunar frá 1974.

Tafla 2. Skipting bifreiða eftir gerð hreyfils.

	Heildarbifr. eign 1/7	Þar af með bensinhreyfli.
1975	72 200	64 400
1976	74 300	66 300
1977	77 400	68 900
1978	81 800	72 800
1979	86 700	77 200

1.1.1. Bensíngjald.

Á síðasta ári varð bensínsala á tímabilinu nóv. '74 — okt. '75 103.6 m. lítrar. Miðað við meðalbifreiðafjölda á s.l. ári svarar þetta til 1600 lítra meðaleyðslu. Reiknað er með, að bensíneyðslan aukist aðeins aftur, en haldist að öðru leyti óbreytt út áætlunartímabilið.

Tafla 3. Tekjur vegasjóðs af bensíngjaldi.

Ár	Fjöldi bensínbifr.	Meðal eyðsla	Heildar- notk. m.ltr.	Bensíngj. brúttó m. kr.	Endur- greiðsl. m. kr.
1976	66 300	1 620	107.4	1 873	28
1977	68 900	1 620	111.6	2 042	30
1978	72 800	1 620	117.9	2 158	30
1979	77 200	1 620	125.0	2 288	30

1.1.2. Þungaskattur.

Á árinu 1975 tóku gildi breytingar á reglugerð um innheimtu þungaskatts af dieselbifreiðum, sem áætlað er að gefi vegasjóði um 120 millj. kr. í auknar tekjur á ársgrundvelli.

Tafla 4. Tekjur vegasjóðs af þungaskatti 1975—1979:

(Fjárhæðir í m.kr.)

Ár	Árgjald	Km-gjald	Tekjur brúttó	Endur- greiðslur
1976	140	423	563	1
1977	173	548	721	1
1978	185	579	764	1
1979	196	611	807	1

1.1.3. Gúmmígjald.

Við áætlun tekna af gúmmígjaldi er byggt á innflutningi bifreiða og meðal-endurnýjun hjólarða þeirra bifreiða sem eru í notkun.

Á árunum fyrir 1975 var meðalendurnýjun á bíl um 23 kg af gúmmíi, en hún féll síðan niður í um 16 kg á árinu 1975.

Gert er ráð fyrir að endurnýjun verði 18 kg á þessu ári en aukist upp í 22 kg á áætlunartímabilinu. Þá er enn fremur gert ráð fyrir, að hver innflutt fólksbifreið ilytji með sér 60 kg af gúmmí og hver þung bifreið 250 kg.

Tafla 5. Tekjur vegasjóðs af gúmmígjaldi.

Ár	Bifr. $\frac{1}{4}$ ár hvert	Endurn. gúmmís pr. bíl kg	Innfl. léttir bílar	Innfl. þungir bílar	Gúmmí alls tonn	Tekjur m.kr.
1976	74 300	18	4 260	440	1 703	77
1977	74 400	20	5 850	550	2 037	92
1978	81 800	22	6 450	550	2 325	105
1979	86 700	22	6 550	550	2 438	110

1.2. Sérstök fjáröflun.

1.2.1. Almenn lánsfjáröflun.

Í gildandi vegáætlun er gert ráð fyrir sérstakri fjáröflun að upphæð 1 050 m.kr. hvort árunna 1976 og 1977. Í lánsfjáráætlun, er fylgir fjárlögum ársins 1976, er gert ráð fyrir 1 050 m.kr. lánsfjáröflun vegna vegasjóðs í samræmi við gildandi vegáætlun. Af þessari fjárhæð er gert ráð fyrir, að 500 m.kr. verði aflað með sölu happdrættisskuldabréfa skv. heimildum í lögum nr. 36/1975 um fjáröflun til vegasjóðs vegna framkvæmda við Norður- og Austurveg og lögum um fjáröflun til vegagerðar. Sökum mikils fjárskorts vegasjóðs er gert ráð fyrir, að aflað verði viðbótarlánsfjár að upphæð 300 m.kr. sbr. frumvarp til laga, sem lagt hefur verið fram á Alþingi. Gert er ráð fyrir, að almenn lánsfjáröflun til vegasjóðs árin 1977—79 nemi sömu heildarupphæð og árið 1976 þ.e. 1 350 m.kr. hvert árunna.

1.2.2. Sérstök lánsfjáröflun.

Gert er ráð fyrir, að aflað verði skammtimalána (1—2 ára lána) hjá framkvæmdaaðilum, sem endurgreiðist af fjárveitingum í vegáætlun árin 1977 og 1978.

2. SKIPTING ÚTGJALDA

(Fjárhæðir í millj. kr.)

2.0.0. Verðgrundvöllur vegáætlunar.

Að því er varðar framkvæmdir árunna 1975—77 í vegáætlun 1974—77 var verðgrundvöllur fyrir nýjar framkvæmdir miðaður við verðlag í júní 1975, en janúar 1975 varðandi viðhald.

Þegar byrjað var að vinna að endurskoðun vegáætlunar s.l. haust var reiknuð út vísitala í október 1975, og er viðhald á árinu 1977 miðað við þá tölu. Nú hafa verið reiknaðar út vísitölur í júlí 1976, og er þar miðað við umsamdar kauphækkunarir og þær verðhækkunarir, sem þegar er vitað um. Við þennan útreikning er miðað við óbreytta taxa vinnuvéla, en fyrirsjáanlegt er, að þeir hljóti að breytast eitthvað til hækkunar vegna gengissigs og annarra verðhækkana.

Framkvæmdavísitölur:

	Vegagerð	Viðhald	Brúagerð
1. Visitala í vegáætlun	3353	2995	4967
2. Visitala í okt. 1975	3740	4067	5594
3. Visitala í júlí 1976	4101	4629	6462
Hækkun 1—2	11.5%	35.8%	12.6%
Hækkun 1—3	22.3%	54.6%	30.1%
Hækkun 2—3	9.7%	13.8%	15.5%

2.1. Stjórn og undirbúningur.

2.1.0. Launagreiðslur.

Alls verða ráðnir 23 opinberir starfsmenn á áætlanatímabilinu sem hér segir:

	1976	1977	1978	1979	Samt.
Verkfræðingar			2		2
Tæknifræðingar		3		1	4
Rannsóknarmenn	2				2
Mælingamenn	2	2	1	1	6
Vegaeftirlit	1				1
Vegaverkstjórar	2	2	2	2	8
Samtals	7	7	5	4	23

1. **Áætlanadeild.** Ráðnir verða 3 starfsmenn í áætlanadeild á þessu tímabili, rannsóknarmaður, sem verið hefur lausráðinn um nokkurt skeið, einn tæknifræðingur með þjóðvegi í þéttbýli sem aðalverksvið og einn verkfræðingur.
2. **Brúadeild.** Þar verður nú bætt við einum verkfræðingi, einum tæknifræðingi og einum rannsóknarmanni og eru tveir þeirra síðast nefndu nú þegar í starfi hjá stofnuninni.
3. **Framkvæmdadeild.** Í framkvæmdadeild verða alls ráðnir 8 starfsmenn. Haldið verður áfram að byggja upp starfsemi umdæmisskrifstofa úti á landi og í því skyni bætt við 2 tæknifræðingum og 6 mælingamönnum. Af þeim síðastnefndu hafa 4 starfað hjá stofnuninni um lengri eða skemmri tíma.
4. **Vegaeftirlit.** Þá verður ráðinn á kjör ríkisstarfsmanna 1 starfsmaður í vegaeftirlit, en hann vinnur nú hjá stofnuninni á verkstjórakjörum.
5. **Verkstjórar.** Þá verður einnig haldið áfram að ráða á kjör ríkisstarfsmanna undirverkstjóra, sem nú þegar eru í starfi hjá stofnuninni, og er gert ráð fyrir að 8 þeirra verði ráðnir á þann hátt á áætlunartímabilinu.

Ráðið er nú í 130 stöður á kjörum ríkisstarfsmanna hjá Vegagerð ríkisins, en fyrir hendi eru 136 heimilaðar stöður, þannig að óráðið er í 6 (skrifstofufólk o.fl.) og óvíst að hve miklu leyti í þær verður ráðið á áætlanatímabilinu.

Í töflunni hér að neðan er sýnt, hvernig þessir starfsmenn skiptast á deildir og föst laun þeirra í m.kr. Í svigum fyrir aftan upphæðina kemur fram fjöldi starfsmanna.

	1976	1977	1978	1979
Skrifstofa — yfirstjórn	43.5 (37)	49.3 (37)	50.9 (38)	51.0 (38)
Áætlanadeild	17.0 (12)	21.0 (13)	22.9 (14)	23.0 (14)
Brúadeild	18.2 (13)	22.5 (14)	24.3 (15)	24.6 (15)
Framkvæmdadeild	36.6 (25)	46.1 (28)	47.7 (29)	50.4 (31)
Vegaeftirlit	4.5 (4)	5.1 (4)	5.2 (4)	5.2 (4)
Verkstjórar	33.4 (28)	40.5 (30)	43.2 (32)	45.8 (34)
Starfsm. áhaldahúsa	20.1 (18)	22.8 (18)	22.9 (18)	22.9 (18)
Samtals	173.3 (137)	207.3 (144)	217.1 (150)	222.9 (154)

2.1.1. Skrifstofukostnaður.

Fyrir nokkrum árum var tekin upp sú stefna hjá Vegagerð ríkisins að setja á stofn úti á landi umdæmisskrifstofur sem þjónuðu bókhaldsþörf viðkomandi umdæmis. Nokkur reynsla er nú fengin af þessari tilhögun og er hún mjög góð. Hægt hefur verið að ráða sérþjálfað starfsfólk til þessara starfa, sem skilar sér í bættum vinnubrögðum. Við skrifstofu og yfirstjórn fyrirtækisins starfa nú 37 manns, þar af 15 úti á landi.

Vegagerð ríkisins hefur nú keyrt bókhald sitt í tölvu um tveggja ára skeið. Er nú hægt að fá mánaðarlega yfirlit yfir stöðu einstakra verkefna og starfsemi Vegagerðarinnar í heild. Bóhaldið er þannig orðið virkt tæki til stjórnunar fyrirtækisins og ljóst að hafa má af því mikið gagn með skynsamlegri notkun.

Þá hefur einnig verið unnið að því að koma á tölvuunnu birgðabókhaldskerfi, sem tekið var í notkun í upphafi árs 1976. Með því er hægt að hafa mun betra yfirlit yfir birgðasöfnun og birgðahald áhaldahúsanna, en talsvert fjármagn er nú bundið í rekstrarvörum véla og byggingavörum til vegagerðar.

Þá má geta þess, að þrátt fyrir það aukna upplýsingamagn, sem fengist hefur með þessu nýja bókhaldskerfi, hefur reynst mögulegt að fækka um 5 starfsmenn við skrifstofuhald Vegagerðarinnar.

2.1.2 Verkfræðilegur undirbúningur.

Kostnaður við verkfræðilegan undirbúning er áætlaður 121.7 m.kr. á árinu 1976. Alls eru fastir starfsmenn þessara deilda 50 á árinu 1976, en fjölgar um 10 á áætlunartímabilinu. Eins og áður er þessum lið, auk launagreiðslna fastra starfsmanna, ætlað að bera hönnunarkostnað af verkefnum, sem eru hönnuð fyrirfram og þeirra verkefna, sem ekki komast í framkvæmd.

2.1.3. Umferðartalning og vegaeftirlit.

Lagt er til, að fjárveiting til þessa liðar verði hækkuð í 20.3 m.kr. á árinu 1976, og er hér eingöngu um að ræða hækkun vegna verðbreytinga. Fjárveiting er miðuð við, að vegaeftirliti verði haldið í sama horfi og verið hefur undanfarin ár, og að sömu starfsmenn sjái einnig um umferðartalningu að verulegu leyti. Þessi starfsemi hefur tvímælalaust gefið mjög góða raun með því að takmarka ofhleðslu og hlifa með því vegakerfinu. Samhliða vegaeftirlitinu hefur verið veitt almenn upplýsingaþjónusta um færð á vegum og ástand þeirra. Þá annast vegaeftirlitsmenn einnig eftirlit með ökumælum dísilbifreiða fyrir fjármálaráðuneytið.

Á næstu árum verður haldið áfram að kaupa sjálfvirka umferðarteljara til að telja umferð allt árið, en þessir teljarar spara mikið mannahald í sambandi við aflestra. Landinu hefur nú verið skipt í fjögur talningarsvæði, og er við það miðað að telja sumarumferð á hverju svæði fjórða hvert ár til viðbótar talningu þeirri sem fram fer allt árið.

2.1.4. Eftirlaunagreiðslur.

Eftirlaun til fyrrverandi vegaverkstjóra og ekkna þeirra, ásamt nokkurra fyrrverkamanna, sem unnið hafa áratugum saman hjá Vegagerðinni, eru miðuð við 60% af fullum eftirlaunum samkv. 18. og 13. launaflokki ríkisstarfsmanna. Er þar fylgt sömu reglu og undanfarin ár, sem byggist á því, að Vegagerðin hefði greitt 60% af iðgjaldinu, ef þessir menn hefðu greitt í lífeyrissjóð á sínum tíma.

Hér er um að ræða menn, sem ýmist hafa ekki aðgang að neinum lífeyrissjóði, þar sem þeir hafa aldrei neitt iðgjald greitt, eða þeir hafa aðgang að lífeyrissjóðum, sem starfað hafa skamman tíma og greiða því mjög lágan ellilífeyri. Í því tilfelli greiðir Vegagerðin það sem á vantar til þess að þeir nái sömu krónutölu og hinir.

Á s.l. ári nutu 16 fyrrv. verkstjórar, 14 verkstjóraekkjur og 7 fyrrv. verkamenn þessara eftirlauna, en 4 verkstjórar og 6 verkamenn munu bætast við á áætlunartímabilinu.

2.2. Viðhald þjóðvega.

Fjárveiting til viðhalds þjóðvega í gildandi vegaáætlun var miðuð við verðlag í janúar 1975 (vísitala 2995). Áætlað er, að vísitala vegaviðhalds 1. júlí n.k. verði 4629 og nemur því hækkunin 54.6%. Eigi þótti fært sökum fjárskorts að hækka fjárveitingu til vegaviðhalds í samræmi við ofangreinda breytingu á verðlagi. Er tillagan um hækkun vegaviðhalds árið 1976 miðuð við 28.7% heildarhækkun (sumarviðhald og vetrarviðhald). Tillaga um fjárveitingu til vegaviðhaldsins í heild á árunum 1977—78 er við það miðuð að hækka fjárveitingar þessi ár í áföngum til þess að mæta þeim miklu verðhækkunum, sem urðu frá janúar 1975 til 1. júlí 1976.

2.2.1. Sumarviðhald.

Á undanförunum árum hafa fjárveitingar til sumarviðhalds þjóðvega hvorki fylgt verðlagi né verið tekið tillit til aukinnar umferðar með ári hverju.

Hér á eftir verður reynt að gera grein fyrir þeim fjárveitingum sem samkvæmt vegáætlun hafa verið til ráðstöfunar til sumarviðhalds á árunum 1965—1975.

Í fskj. nr. 2.2.1.—01 er viðhaldskostnaður á þessum árum tilgreindur og jafnframt færður upp til verðlags, miðað við verðlag á árinu 1975, lengd akfærra þjóðvega, viðhaldskostnaður á hvern km miðað við verðlag 1975, bílafjöldi í ársbyrjun viðkomandi árs og áætlaður fjöldi ekinna km á öllum þjóðvegum í milljónum km. Í síðasta dálki töflunnar er síðan viðhaldskostnaður á hvern ekin km miðað við verðlag 1975.

Hér á eftir verður reynt að gera stuttlega grein fyrir því, hve mikið fjármagn þarf til viðhalds þjóðvega til þess að unnt sé að þjóna þeirri umferð, sem um vegina fer.

2.2.1.1. Viðhald vega.

Undir þennan lið fellur m.a. endurnýjun malar slitlags, ræsagerð, skurðgröftur, rásagerð, smáviðgerðir og eftirlit með vegum ásamt ýmsum öðrum kostnaði.

Árleg endurnýjun slitlags er að mestu leyti háð þeirri umferð, sem um vegina fer. Gert er ráð fyrir að endurnýja þurfi malar slitlag, eins og hér tilgreinir.

Umferð bílar/dag	Ár á milli endurnýjunar slitlags	Fjöldi akfærra malarvega km	Árleg endur- nýjun slitlags km
Minni en 50	9.0	3 078	342
50— 100	7.5	1 613	215
100— 200	6.4	1 401	219
200— 300	5.2	1 007	194
300— 500	3.7	696	188
500— 750	2.5	189	76
750—1000	1.6	115	72
Meira en 1000	1.3	78	60
	Samtals	8 177	1 366

Árlega þarf því að malbera 1 366 km. Á síðasta ári voru malbornir 606 km af þjóðvegum landsins eða tæplega helmingur af því sem nauðsynlegt þykir (sjá skýrslu ráðherra um framkvæmd vegáætlunar 1975).

Mikið hefur verið unnið að endurnýjun eldri ræsa á vegum, því að mörg þeirra eru mjög illa farin, en allt of oft kemur það fyrir, að ræsi eyðileggist, og veldur það stórhættu fyrir umferðina. Þetta er m.a. vegna þess að ekki hefur verið fjármagn fyrir hendi til að endurnýja gömlu ræsin. Á hverju ári er nokkuð unnið við að veita vatni frá vegum með því að grafa skurði og gera rásir meðfram vegunum.

Samkvæmt reynslu undanfarinna ára hefur 65% af fjárveitingu til viðhalds verið notað til mölburðar eða 197 m.kr. á s.l. ári en hefði þurft að vera 444 m.kr. Að álitni tæknimanna og þeirra vegaverkstjóra, sem unnið hafa að vegaviðhaldi í ára- raðir, hefði fjárveiting til ræsa, skurðgraftar, rásagerðar, smáviðgerða og eftirlits þurft að vera um 40—50% hærrí en á sl. ári. Fjárveiting til þessara verkþátta hefði því þurft að vera á verðlagi 1975 sem nemur 594 m.kr. Miðað við áætlað verðlag í júlí (vísitala 4629) er þessi upphæð 689 m.kr. en lagt er til að fjárveiting verði 451 m.kr. á árinu 1976, 470 m.kr. árið 1977 og 536 m.kr. á árunum 1978—79.

2.2.1.2. Viðhald brauta.

Á síðasta ári var varið 73.5 m.kr. til viðhalds vega með bundið slitlag, og var kostnaðarskipting sem hér segir:

Liðir	Kostn. m.kr.	Skipting %
Ný slitlög	40.5	55.1
Viðgerðir á slitlögum	4.6	6.3
Umferðarmerki, leiðarar, málun, lýsing	12.8	17.4
Mölnun efnis og endurn. malaraxla	10.2	13.9
Eftirlit	1.9	2.6
Ósundurliðaður kostnaður	3.5	4.7
Samtals	73.5	100.0

Ekki hefur verið gerð úttekt á endurnýjun slitlaga næstu árin, en á árinu 1976 þarf að endurnýja slitlög fyrir sem nemur 70 m.kr., og er það miðað við verðlag 1975.

Gera má ráð fyrir, að aðrir kostnaðarliðir verði svipaðir fyrir árið 1976 og var á árinu 1975. Nauðsynlegt fjármagn til viðhalds vega með bundnu slitlagi á árinu 1976 er því 103 m.kr. miðað við verðlag á árinu 1975. Miðað við áætlað verðlag í júlí er þessi upphæð 119 m.kr., en lagt er til að fjárveiting verði 102 m. kr. á árinu 1976, 108 m.kr. á árinu 1977 og 123 m.kr. á árunum 1978—79.

2.2.1.3. Viðhald brúa.

Á síðasta ári var varið til viðhalds brúa 50.4 m.kr. Ekki hefur verið gerð nein úttekt á því, hve mikið fjármagn þyrfti til viðhalds brúa, en ljóst er að vegna fjárskorts á undanförunum árum hefur viðhald brúa verið stórlega vanrækt, og þyrfti því þessi fjárveiting að hækka verulega. Lagt er til, að fjárveiting verði 58 m.kr. á árinu 1976, 60 m.kr. á árinu 1977 og 68 m.kr. á árunum 1978—79.

2.2.1.4. Vegheflun.

Á síðasta ári var kostnaður við heflun malarvega 185.9 m.kr., þrátt fyrir mjög strangt aðhald og að reynt var að minnka heflun eins og unnt var vegna fjárskorts.

Vegheflun er ekki unnt að minnka neitt að ráði, því að verði langt tímabil á milli heflinga myndast djúpar og stórar holur, sem auk þess að vera hvímléiðar fyrir umferðina valda því að næsta heflun verður mun dýrari.

Á árinu 1974 var kostnaður við vegheflun 120.3 m.kr., og var það álit vegaverkstjóra, að sú fjárveiting hafi verið í lágmarki, ef hafa á eðlilega þjónustu við um-

ferðina. Á áætluðu verðlagi í júlí er sú fjárhæð 239 m.kr., en lagt er til að fjárveiting verði 210 m.kr. á árinu 1976, 220 m.kr. á árinu 1977 og 251 m.kr. á árunum 1978—79.

2.2.1.5. Rykbinding.

Á árinu 1975 var varið til rykbindingar 32.7 m.kr., en rykbundnir voru um 180 km. Sé það markmið sett að rykbinda alla vegi með meiri umferð en 500 bíla á dag og einnig að rykbinda alla þá vegarkafila sem liggja nálægt byggðum bæjum, þjónustumiðstöðvum og í nágrenni þéttbýlis, þó að þar sé minni umferð, þarf að rykbinda eftirfarandi fjölda km:

1. Malarvegi með meiri umferð en 500 bílar/dag	382 km
2. Vegkaflar við býli, þjónustumiðstöðvar o.fl.	50 km
	<hr/>
	Samtals 432 km

Á síðasta ári hefði þurft að verja 73.4 m.kr. til rykbindingar til þess að ná þessu marki. Á áæluðu verðlagi í júlí n.k. er þessi fjárhæð 85.1 m.kr., en lagt er til að fjárveiting verði 40 m.kr. á árinu 1976, 50 m.kr. á árinu 1977 og 57 m.kr. á árunum 1978—79.

2.2.1.6. Vinnsla efnis.

Með vaxandi umferð og meiri kröfum til veganna er nauðsynlegt að vinna efni í slitlag malarvega. Eftir því sem meir er vandað til malar slitlags því lengur endist það í veginum og minnkar við það nauðsynleg vegheflun.

Þær kröfur sem nauðsynlegt væri að gera eru eftirfarandi:

1. Mulið efni á vegi með umferð meiri en 200 bílar/dag.
2. Harpað efni á vegi með umferð meiri en 50 bílar/dag.
3. Óunnið efni í aðra vegi.

Á hverju ári þyrfti því að vinna efni í malar slitlög sem hér segir:

1. Mulið efni 270 þús. m³.
2. Harpað efni 210 þús. m³.

Á síðasta ári voru malaðir 182 þús. m³ og harpaðir 177 þús. m³ og var kostnaður 160.7 m.kr. Hver m³ við mölun kostaði um 614 kr. á síðasta ári en 330 kr. við hörpun. Miðað við þessi einingarverð og áður nefnda þörf á möluðu og hörpuðu efni hefði átt að verja eftirfarandi upphæð til vinnslu efnis á árinu 1975.

Malað efni	165.8 m.kr.
Harpað efni	69.3 m.kr.
	<hr/>

Samtals 235.1 m.kr.

Á áætluðu verðlagi í júlí n.k. er þessi upphæð um 273 m.kr. en lagt er til að fjárveiting verði 196 m.kr. á árinu 1976, 216 m.kr. á árinu 1977 og 246 m.kr. á árunum 1978—79.

2.2.1.7. Vatnaskemmdir og ófyrirséð.

Á hverju ári hefur stórfé verið varið til viðgerða vegna vatnaskemmda og ófyrirséðra atvika og er því varlega áætluð þörf á ári um 80—90 m.kr. Lagt er til, að fjárveiting verði 72 m.kr. á árinu 1976, 82 m.kr. á árinu 1977 og 94 m.kr. á árunum 1978—79.

2.2.2. Vetrarviðhald.

Á undanförunum árum hefur kostnaður við vetrarviðhald verið eins og sýnt er á eftirfarandi töflu. Að meðaltali hefur kostnaður verið um 224.7 m.kr. á ári miðað við verðlag 1975 þ. e. vísitölu 3989. Miðað við áætlaða vísitölu í júlí n. k. 4629 áætlast þessi kostnaður um 260.7 m.kr. á árinu 1976.

Yfirlit um vetrarviðhald 1967—1975.

Ár	Vetrarviðhald		Verðlag 1975 m.kr.	Hlutfallstala	
	m.kr.	haldskostn.		miðað við árið 1968	miðað við meðaltal '67-75
1967	28.7	571	200.5	102.2	89.2
1968	32.7	665	196.2	100.0	87.3
1969	34.1	812	167.5	85.4	74.5
1970	49.9	902	220.7	112.5	98.2
1971	54.7	1046	208.6	106.3	92.8
1972	54.1	1252	172.4	87.9	76.7
1973	99.1	1550	255.0	130.0	113.5
1974	164.0	2339	279.7	142.6	124.5
1975	321.7	3989	321.7	164.0	143.2
Meðaltal 1967—1975			224.7		

Í tillögu til þingsályktunar um vegáætlun fyrir árin 1974—77, sem samþykkt var á Alþingi vorið 1975, var reiknað með, að snjómokstursreglum yrði breytt haustið 1975, en eins og fram kemur í skýrslu ráðherra um framkvæmd vegáætlunar 1975 var með eindæmum snjóþungt víða á landinu frá áramótum til vors. Á áætluðu verðlagi 1975 var reiknað með, að snjómoksturskostnaður yrði um 147.7 m.kr., en það var meðaltal árána 1967—73 og síðan var bætt við þá fjárveitingu sem nam 47 m.kr. vegna þess að fyrirhugað var að breyta snjómokstursreglum. Heildarfjárveiting var því 194.7 m.kr. Kostnaður við snjómokstur á árinu nam 321.7 m.kr.

Þar sem kostnaður fyrri hluta ársins varð meiri en sem nam ársfjárveitingu til vetrarviðhalds með breyttum reglum síðari hluta árs, þótti ekki tiltækt að breyta reglunum að sinni.

Samkvæmt tillögu um breytingu á snjómokstursreglum er reiknað með, að kostnaður vegna vetrarviðhalds hækki sem nemur 83 m.kr. á ári miðað við áætlað verðlag í júlí n. k. Miðað við verðlag, sem viðhaldskostnaður er reiknaður á árin 1978 og 1979, verður kostnaðaraukning 92 m.kr. vegna breytinga á snjómokstursreglum.

Í tillögu til vegáætlunar er gert ráð fyrir, að fjárveiting til vetrarviðhalds verði 264 m.kr. á árunum 1976 og 1977, en hækki í 300 m.kr. á árinu 1978 og er þá reiknað með, að breyting á snjómokstursreglum komi til framkvæmda á því ári. Á árinu 1979 er lagt til, að fjárveiting verði 342 m.kr.

2.2.3. Vegmerkingar.

Fjárveiting til þessa liðar var 13.3 m.kr., en lagt er til, að hún verði hækkuð í 18.0 m.kr. á ári, en það er m. a. gert til þess að unnt sé að halda áfram að endurnýja vegvísa og leiðamerki við helstu vegamót á landinu, en það er gert samkvæmt áætlun um endurskipulagningu vegvísakerfisins, sem gert var í samræmi við vegnúmerakerfi, sem samþykkt var með vegáætlun 1972—75.

Hluta af þessari fjárveitingu verður eins og undanfarið ár varið til að setja upp ný merki samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og til viðhalds eldri merkjum.

2.3. Til nýrra þjóðvega.

2.3.1.—2.3.3. Hraðbrautir, þjóðbrautir og landsbrautir.

Til þessara vegaflokka er árið 1976 gerð tillaga um sömu fjárveitingu og er í gildandi vegáætlun á því ári. Fyrir árin 1977—79 er tillagan miðuð við svipaðar heildarupphæðir til þessara vegaflokka í heild og þeim skipt í sömu hlutföllum og á árinu 1976.

Á árinu 1976 eru mjög óverulegar greiðslur af fjárveitingum til hraðbrauta bundnar af verksamningum, en nær engar vegna fjárveitinga til þjóðbrauta og landsbrauta.

2.3.4. Til girðinga og uppgræðslu meðfram vegum.

Fjárveiting á þessum lið er óbreytt frá því sem var í síðustu vegáætlun eða 40 m. kr. á ári á árunum 1976—77, en hækki í 50 m. kr. á árunum 1978—79.

Í árslok 1975 námu ógreiddar kröfur vegna girðinga samkvæmt girðingalögum alls um 242,2 m. kr., svo sem nánar greinir í skýrslu um framkvæmd vegáætlunar 1975. Tveimur þriðju hlutum þessarar fjárveitingar hefur á undanförunum árum verið varið til girðinga, en einum þriðja til sáningar. Á fjórum árum vegáætlunarinnar mun því um 120 m. kr. verða varið til girðinga eða sem nemur tæpum 50% af lögmætum kröfum um síðustu áramót.

2.3.5.1.—2.3.5.3. Austurlandsáætlun, Norðurlandsáætlun og Djúpvegur.

Á árinu 1977 er fjárveiting til Austurlandsáætlunar hækkuð úr 75 í 100 m. kr. og sú fjárveiting látin haldast út áætlunartímabilið. Með þessari hækkun á að vera unnt að ljúka jarðgöngum um Oddskarð á árinu 1977, en eigi verður þó lokið öllum verkum í Austurlandsáætlun á áætlunartímabilinu.

Fjárveiting til Norðurlandsáætlunar er hækkuð úr 175 m. kr. á árinu 1977 í 200 m. kr. og sú hækkun látin haldast út áætlunartímabilið. Er þessi hækkun ætluð sérstaklega til endurbyggingar Norðurlandsvegur á Holtavörðuheidi ásamt fjárveitingum af öðrum liðum í vegáætlun.

Fjárveitingu til Djúpvegur er haldið óbreyttri út áætlunartímabilið.

2.4. Til fjallvega o. fl.

2.4.1. Til aðalfjallvega.

Samkvæmt kafla 3.3 eru aðalfjallvegir taldir um 900 km. Lagt er til, að fjárveiting til þeirra verði 7,0 m. kr. á árunum 1976—77 og 8,0 m. kr. á árunum 1978—79.

2.4.2. Til annarra fjallvega.

Lagt er til, að fjárveiting til þessa liðar verði 14,0 m. kr. á árunum 1976—77 og 16,0 m. kr. á árunum 1978—79.

2.4.3. Til reiðvega.

Lagt er til, að fjárveiting til þessa liðar verði 1,0 m. kr. á ári.

2.4.4. Þjóðgarðsvegir og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum.

Lagt er til, að þessi fjárveiting verði 10 m. kr. á ári.

2.5. Til brúagerða.

Árið 1976 er gerð tillaga um óbreytta fjárveitingu frá gildandi vegáætlun, en hún hækkuð litillega árin 1977—79.

2.6. Til sýsluvegasjóða.

Samkvæmt ákvæðum 21. gr. vegalaga miðast innheimt sýsluvegasjóðsgjald ár hvert við kaup í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins hinn 1. desember næsta ár á undan. Samkvæmt gildandi kjarasamningum er kaupgjald hinn 1. des. ár hvert eins og hér segir:

1. desember 1975	292,90 kr/klst.
1. desember 1976	359,30 kr/klst.
1. desember 1977	377,20 kr/klst.
1. desember 1978	377,20 kr/klst.

Tekjur sýsluvegasjóðs samkvæmt 23. gr. vegalaga voru 400—500 þús. kr., en með breytingu á vegalögum nr. 80 10. júlí 1973, þar sem gjald af mannvirkjum er 6—7 faldað og gjald af löndum og lóðum 5 faldað, hefur þessi tekjustofn hækkað verulega. Í sýsluvegaáætlun fyrir árið 1975 voru þessar tekjur áætlaðar um 2,7 m. kr., en í vegáætlun er reiknað með að þær verði 3,0 m. kr. á ári.

Samkvæmt 5. gr. fyrrnefndrar breytingar á vegalögum er hreppsfélögum heimilt að tvöfalda heimaframlag, og er reiknað með, að helmingur hreppsfélaga nýti sér þennan möguleika á árinu 1976, en 2/3 á árunum 1977—79.

Miðað við fyrrnefndar forsendur eru heildartekjur sýsluvegasjóðanna á árunum 1976—1979 áætlaðar eins og hér segir:

	Upph. í m. kr.			
	1976	1977	1978	1979
Samkv. 21. og 26. gr. vegalaga	42,3	51,8	54,4	54,4
Samkv. 23. gr. vegalaga	3,0	3,0	3,0	3,0
Aukaheimaframlag	21,2	34,6	36,3	36,3
Aukaríkisframlag	42,3	69,1	72,6	72,6
Ríkisframlag samkv. 21., 23. og 26. gr.	70,4	112,7	89,4	158,5
			108,2	180,8
			113,2	185,8
Heildartekjur	179,2	247,9	274,5	279,5

2.7. Til vega í kaupstöðum og kaптúnum.

Samkvæmt vegalögum verður skipting þéttbýlisfjár eins og hér segir:

	1976	1977	1978	1979
Framl. skv. 32. gr.	219	265	281	298
Framl. skv. 34. gr.	73	88	94	99
Til skipta	292	353	375	397

Samkvæmt bráðabirgðatölum frá Hagstofu er fjöldi íbúa í þéttbýlisstöðum yfir 200 íbúa áætlaður 189.600. Má því gera ráð fyrir, að upphæð á hvern íbúa verði um 1150 kr. árið 1976.

2.8. Til véla- og áhaldakaupa.

2.8.1. Til véla- og verkfæraakaupa.

Í tillögu þessari til vegáætlunar fyrir árin 1976—1979 er gert ráð fyrir, að fjárveiting til véla- og verkfæraakaupa verði óbreytt frá fyrri vegáætlun á árinu 1976

eða 20 m. kr. og síðan sama upphæð á næstu árum eða alls 80 m. kr. á áætlunartímabilinu.

Gert er ráð fyrir, að því fé ásamt afskriftarfé véla verði eins og að undanfögnu fyrst og fremst varið til endurnýjunar á þeim vinnuvélum, sem Vegagerðin þarfnast, en ekki fást leigðar á almennum markaði, svo sem vegheflum, vélum til malarvinnslu, vélum til brúargerðar o. s. frv.

Ef breyting sú á snjómokstursreglum, sem hefur verið til umræðu að undanfögnu, nær fram að ganga, verður ekki unnt með ofangreindri fjáröflun að auka vélakost eins og nauðsynlegt er til að mæta auknum snjómokstri.

2.8.2. Til byggingar áhaldahúsa.

Á árinu 1976 er gert ráð fyrir, að fjárveiting verði óbreytt frá fyrri vegáætlun eða 30 m. kr. Af henni er áætlað að nota 4,5 m. kr. til kaupa á íbúð fyrir umdæmisverkfræðing á Reyðarfirði en að öðru leyti verður henni varið til að ljúka byggingum á Hvammstanga og minni framkvæmda við önnur áhaldahús. Auk þess verður henni einnig varið til þess að undirbúa mörg önnur aðkallandi verkefni, sem fyrir dyrum standa. Af þeim má sérstaklega nefna áhaldahús á Ísafirði, Sauðárkróki og á Húsavík í stað ófullnægjandi húsa þar, einnig þarf að undirbúa stækkun vélaverkstæðis á Reyðarfirði.

Á árunum 1976—1977 var lagt til í síðustu vegáætlun að fjárveiting á þessum lið yrði hækkuð úr 18 m. kr. í 30 m. kr. hvort árið með það fyrir augum að byggja hús fyrir vegamálastofuna í Reykjavík, því að hún er nú til húsa á þremur stöðum við mikil þrengsli, en af því leiðir augljóslega óhagræði og verulegan aukakostnað í daglegum rekstri. En þar sem fjármagn til áhaldahúsabygginga er ekki meira en sem þessu nemur, þykir ekki ráðlegt að hefja framkvæmdir við þetta hús, fyrr en kostnaðaráætlun og fjármagn liggur fyrir til að ljúka framkvæmdum. Hluta af þessari fjárveitingu mun verða varið til að undirbúa þessa framkvæmd.

2.9. Til tilrauna í vegagerð.

Fjárveiting þessi er 1/2% af mörkuðum tekjum vegasjóðs samkv. lögum.

Er áætlað, að haldið verði áfram tilraunum við ýmsa þætti vegagerðar á þessu vegáætlunartímabili, eins og verið hefur.

2.10. Halli á vegáætlun.

Frá því vegáætlun var samþykkt árið 1975 varð óhjákvæmilega halli á nokkrum liðum. Vegur þar þyngst, að fyrri hluta vetrar varð snjómokstur mjög dýr. Þá urðu tekjur 139 m. kr. undir áætlun. Að öðru leyti skiptist hallinn eins og hér segir:

Stjórn og undirbúningur	16,0
Vetrarviðhald	133,0
Viðhald brúa	20,0
Brúagerðir	22,0
	<hr/>
Halli á útgjaldaáætlun	191,0
Halli á tekjuáætlun	139,0
	<hr/>
Halli samtals	330,0

Í þessari tillögu er gert ráð fyrir, að 100 m. kr. verði greiddar á árinu 1976, en afganginum jafnað á árin 1977—79.

3. Um flokkun vega.

3.1. Þjóðvegir eftir kjördæmum.

Í þessum tillögum eru þjóðvegir flokkaðir eftir 12. gr. vegalaga, en engar breytingar hafa verið gerðar á sjálfu vegakerfinu frá vegáætlun fyrir árin 1974—77.

Þar sem þjóðvegur endar við bæ, er lengd hans miðuð við vegamót heimreiðar, en hún telst sýsluvegur eða einkavegur.

Í fylgiskjali 2.3.0.—01 eru sýndar í töfluformi vegalengdir hraðbrauta, þjóðbrauta og landsbrauta miðað við kjördæmin eins og þær eru samkvæmt fyrrnefndri upptalningu. Þær breytingar sem eru frá 1. jan. 1974 eru m. a. vegna endurskoðunar á vegalengdum og breytingar, sem orðið hafa vegna nýbyggingar vega á tímabilinu.

3.2.1. Hraðbrautir A og B.

Hraðbrautir eru taldar þær sömu og í vegáætlun fyrir árin 1974—1977.

3.2.2. Þjóðbrautir.

Þjóðbrautir eru taldar þær sömu og í vegáætlun fyrir árin 1974—77.

3.3. Aðalfjallvegir.

Aðalfjallvegir eru taldir sömu og í vegáætlun fyrir árin 1974—77, 900 km.

Fskj. 2.2.1.—01

Sumarviðhald þjóðvega.

	Viðhalds- kostn. m.kr.	Vísit- tala við- halds	Viðhalds- kostn. miðað við verðlag 1975 m.kr.	Lengd akfærra þjóðvega km	Viðhalds- kostn. á km miðað við verðl. 1975 m.kr.	Bílafj. í árs- byrjun	Fjöldi ekinna km á öllum þjóðvegum m.kr.	Viðhalds- kostn. á hvern ekinn km miðað við verðlag 1975 kr.
1965	87,0	531	653,5	8 835	74,0	31 924	226	2,9
1966	108,9	570	762,1	8 880	85,8	34 959	241	3,2
1967	129,9	571	907,5	8 910	101,9	39 278	256	3,5
1968	149,0	665	893,7	8 920	100,2	42 117	272	3,3
1969	150,2	812	737,9	8 186	90,1	43 606	290	2,5
1970	179,3	902	792,9	8 186	96,9	43 576	308	2,6
1971	218,1	1 046	831,8	8 184	101,6	47 011	328	2,5
1972	303,6	1 252	967,3	8 104	119,4	52 489	349	2,8
1973	334,0	1 550	859,7	8 104	106,1	57 155	371	2,3
1974	680,0	2 339	1 159,4	8 211	141,2	63 189	395	2,9
1975	840,0	3 989	840,0	8 336	100,8	71 364	420	2,0
1976	1 129,0	4 629	972,9	8 336	116,7		441	2,2
1977	1 206,0	4 629	1 039,3	8 336	124,7		463	2,2

Fskj. 2.3.0.—01**Þjóðvegir 1. jan. 1976.**

	Þjóðvegir í þéttbýli km	Hraðbr. km	Þjóðbr. km	Landsbr. km	Þjóðvegir km
Suðurlandskjördæmi	12,0	157,5	347,2	1 080,2	1 596,9
Reykjaneskjördæmi	53,3	170,9	8,6	190,2	423,0
Vesturlandskjördæmi	9,2	101,0	439,6	847,7	1 397,5
Vestfjarðakjördæmi	15,1	8,2	720,4	569,6	1 313,3
Norðurlandskjördæmi vestra	10,1	130,4	224,2	775,2	1 139,9
Norðurlandskjördæmi eystra	11,1	59,2	522,4	671,0	1 263,7
Austurlandskjördæmi	20,5	7,4	834,7	610,2	1 472,8
Samtals	131,3	634,6	3 097,1	4 744,1	8 607,1

Fskj. 2.3.1.—01**Hraðbrautir 1. jan. 1974 og 1976.**

	1. jan. 1974		1. jan. 1976	
	Ekki akfært km	Alls km	Ekki akfært km	Alls km
Suðurlandskjördæmi	14,0	159,7	14,7	157,5
Reykjaneskjördæmi	8,2	161,2	8,1	170,9
Vesturlandskjördæmi	7,3	101,1	5,4	101,0
Vestfjarðakjördæmi		8,2		8,2
Norðurlandskjördæmi vestra		129,4		130,4
Norðurlandskjördæmi eystra		49,4		59,2
Austurlandskjördæmi		7,8		7,4
Samtals	29,5	616,8	28,2	634,6

Fskj. 2.3.2.—01**Þjóðbrautir 1. jan. 1974 og 1976.**

	1. jan. 1974			1. jan. 1976		
	Ekki akf. km	Akfært km	Alls km	Ekki akf. km	Akfært km	Alls km
Suðurlandskjördæmi		305,3	305,3		347,2	347,2
Reykjaneskjördæmi		9,8	9,8		8,6	8,6
Vesturlandskjördæmi		440,3	440,3		439,6	439,6
Vestfjarðakjördæmi	10,0	394,1	404,1		720,4	720,4
Norðurlandskjördæmi vestra		220,8	220,8		224,2	224,2
Norðurlandskjördæmi eystra	13,0	519,7	532,7	14,0	508,4	522,4
Austurlandskjördæmi		694,0	694,0		834,7	834,7
Samtals	23,0	2 584,0	2 607,0	14,0	3 083,1	3 097,1

Fskj. 2.3.3.—01**Landsbrautir 1. jan. 1974 og 1976.**

	1. jan. 1974			1. jan. 1976		
	Ekki akf. km	Akfært km	Alls km	Ekki akf. km	Akfært km	Alls km
Suðurlandskjördæmi	27,5	1 090,0	1 117,5	8,2	1 072,0	1 080,2
Reykjaneskjördæmi		199,6	199,6		190,2	190,2
Vesturlandskjördæmi	38,3	809,3	847,6	39,5	808,2	847,7
Vestfjarðakjördæmi	23,3	864,5	887,8	9,1	560,5	569,6
Norðurlandskjördæmi vestra	35,9	739,8	775,7	29,7	745,5	775,2
Norðurlandskjördæmi eystra	8,8	664,7	673,5	3,6	667,4	671,0
Austurlandskjördæmi	16,5	740,3	756,8	18,0	592,2	610,2
Samtals	150,3	5 108,2	5 258,5	108,1	4 636,0	4 744,1

Fskj. 2.5.—01**Óbrúaðar ár á þjóðvegum.**

	1. apríl 1974		1. jan. 1976	
	Lengd 4–10 m	Lengd 10 m	Lengd 4–10 m	Lengd 10 m
Suðurlandskjördæmi	6	4	6	4
Reykjaneskjördæmi	3	1	3	1
Vesturlandskjördæmi	1	2	1	2
Vestfjarðakjördæmi	2	3	1	0
Norðurlandskjördæmi vestra	3	5	2	3
Norðurlandskjördæmi eystra	3	1	3	1
Austurlandskjördæmi	13	3	9	3
Alls	31	19	25	14

Á aðalfjallvegum eru 16 óbrúaðar ár, og eru þá aðeins talin stærri vatnsföll.

Fskj. 2.5.—02**Óbrúaðar ár á sýsluvegum.**

	1. apríl 1974		1. jan. 1976	
	Lengd 4–10 m	Lengd 10 m	Lengd 4–10 m	Lengd 10 m
Suðurlandskjördæmi	0	1	0	1
Reykjaneskjördæmi	1	2	1	1
Vesturlandskjördæmi	2	5	2	2
Vestfjarðakjördæmi	12	2	12	2
Norðurlandskjördæmi vestra	2	4	1	4
Norðurlandskjördæmi eystra	1	2	1	1
Austurlandskjördæmi	19	11	18	10
Alls	37	27	35	21

Fskj. 2.5.—03

Aldur brúa, 10 m og lengri.

Byggingarár	Timburbrýr	Stálbrýr	Steyptar brýr	Brýr alls	Reiknað álag
1900–1909 ...		1	1	2	Mannþröng: 400 kg/m ²
1910–1919 ...		0	18	18	Mannþröng: 400 kg/m ²
1920–1929 ...		5	43	48	Mannþröng: 400 kg/m ² eða vagn 6 tonn
1930–1939 ...		17	79	96	Mannþröng: 400 kg/m ² eða vagn 6 tonn
1940–1949 ...		34	80	114	Mannþröng: 400 kg/m ² eða vagn 6–20 tonn
1950–1959 ...	4	75	167	246	Vagn 20–34 tonn
1960–1969 ...		81	99	180	Vagn 20–34 tonn
1970–1975 ...		37	76	113	Vagn 20–63 tonn
Alls	4	250	563	817	

Fskj. 2.6.—01

Sýsluvegir 1. jan. 1976.

	Samkv. a–c lið 19. gr.				Skv. d–e lið 19. gr. km	Sýsluvegir alls km
	Óakf. km	Rutt km	Lagt km	Alls km		
Vestur-Skaftafellssýsla		42,4	84,9	127,3	0,2	127,5
Rangárvallasýsla		17,3	227,5	244,8	40,8	285,6
Árnessýsla			248,2	248,2	5,4	253,6
						666,7
Gullbringusýsla		2,0	4,6	6,6		6,6
Kjósarsýsla		8,6	68,2	76,8		76,8
						83,4
Borgarfjarðarsýsla		6,0	19,5	85,5	4,0	89,5
Mýrasýsla	0,7	28,6	107,5	136,8	28,4	165,2
Snæf. og Hnappadalssýsla ...	1,7	16,3	115,1	133,1	31,7	164,8
Dalasýsla	7,2	19,2	53,1	79,5	13,0	92,5
						512,0
Austur-Barðastrandarsýsla ...		18,2	16,0	34,2	60,9	95,1
Vestur-Barðastrandarsýsla ...		17,5	23,5	41,0	34,8	75,8
Vestur-Ísafjarðarsýsla		18,6	27,8	46,4	76,7	123,1
Norður-Ísafjarðarsýsla	0,1	21,0	24,5	45,6	39,7	85,3
Strandasýsla		17,4	44,1	61,5	90,1	151,6
						530,9
Vestur-Húnavatnssýsla	2,8	21,8	101,1	125,6	37,4	163,0
Austur-Húnavatnssýsla	0,8	17,7	84,1	102,6	1,0	103,6
Skagafjarðarsýsla	11,2	52,1	135,9	199,2	6,9	206,1
						472,7
Eyjafjarðarsýsla	2,1	19,9	88,1	110,1		110,1
Suður-Þingeyjarsýsla	12,6	90,0	83,8	186,4	2,0	188,4
Norður-Þingeyjarsýsla	39,4	73,3	42,8	155,5		155,5
						454,0
Norður-Múlasýsla	0,2	77,8	130,8	208,8	21,1	229,9
Suður-Múlasýsla	0,2	47,4	93,0	140,6	25,3	165,9
Austur-Skaftafellssýsla	0,9	19,2	50,2	70,3	22,4	92,7
						488,5
Samtals	79,9	652,2	1 934,3	2 666,4	541,8	3 208,2

Fskj. 2.7.—1.**Lengd þjóðvega í þéttbýli 1. janúar 1976.**

	Í notkun, lengd m			Ófullgert, lengd m		
	1	2a	2b	2a	Óbyggt	Samtals
Suðurlandskjördæmi	5 130	1 470	5 045		320	11 965
Reykjaneskjördæmi, Rvík	33 425	2 925	4 540		12 400	53 290
Vesturlandskjördæmi	4 795	590	3 805			9 190
Vestfirðakjördæmi	5 015	720	9 400			15 135
Norðurlandskjördæmi vestra	3 560	2 220	4 365			10 145
Norðurlandskjördæmi eystra	2 810	2 135	3 680	435	2 015	11 075
Austurlandskjördæmi	12 075	1 540	6 895			20 510
Samtals	66 810	11 600	37 730	435	14 735	131 310

Skýringar:

- 1 Bundið slitlag.
- 2a Undirbygging fullgerð.
- 2b Undirbygging ófullkomin.